



Þrenna (nr. 52).

„Lífrænar víddir"

— Vilhjálmur Bergsson sýnir á Kjarvalsstöðum

Vilhjálmur Bergsson sýnir um þessar mundir á Kjarvalsstöðum 65 olíumálverk frá síðastliðnum árum. Sýningin nefnist „Lífrænar víddir" og er opin daglega fram til 1. maí.



Völundarhús (nr. 38).

Allt universalið

Við erum farin að þekkja myndverk Vilhjálms Bergssonar, þessa veraldarsýn sem er í senn allt universalið og innsti kjarni efnisins. Hann nefnir þessar myndir „Lífrænar víddir" og lýsir það vel inntaki verkanna. Í þessum verkum færir listamaðurinn áhorfandann út fyrir hinn mælanlega og auðkennda heim, inn í óendanlegar víddir alheimsins. Áhorfandinn hefur ekki lengur neina bókstaflega viðmiðun og er frjálst að láta reyna á hugarflugið og sína tilfinningalegu upplifun.

Þó svo að listamaðurinn hafi afmarkað sér nokkuð þröngt myndmál, sem er ávallt saman sett úr litrænni fjarvídd (andstætt línulegri fjarvídd), mjúkum andstæðum ljóss og skugga og algeru þyngdarleysi, þá virðast úrvinnslumöguleikarnir vera óendanlegir. Þannig höfum við hér á sýningunni myndir sem eru inntakslega ólíkar, gerðar úr ólíkum form- og hlutasamsetningum en þó ávallt útfærðar með auðkenndri formskrift listamannsins.

Abstrakt + hlutlæg vísun

Við fyrstu sýn virðast verk Vilhjálms Bergssonar vera fullkomlega abstrakt með eins konar cosmískri tilvísun. Þetta kemur sérstaklega fram í myndum eins og „Spil" (nr. 33), þar sem formin eru girt og bundin niður á myndflötinn með geometrískri hugsun. En fleiri eru þó myndirnar sem hafa sterka vísun (og þá kannski einungis skyntengslalega) í fyrirbæri eins og stjarnkerfið og anatómísk brot eða hlutaform. Þetta eru form sem svífa óhindrað um myndrýmið og eru þegar vel er að gáð fjarlægar og stílfærðar tilvísanir í auga, heila og önnur líffæri. Samfara þessum lífrænu tilvísunum eru síðan í flestum tilfellum einnig geometrísk form, marghyrningar á myndfletinum, sem saman gefa athyglisverða lestrarmöguleika.

Vísindaheimur

Þessar lífrænu keðjur og geometrísku samsetningar koma auðveldlega af stað í hugum áhorfenda, hugleiðingum um manninn og umhverfi hans, andstæður sem fjalla um skynsemi og eðli. Þannig virðast þessi hálfanatómísku form myndverksins raunverulegt tilfinningalegt gildi og formin nauðsynlegt „svifrúm" til að framkalla á léreftinu hægfara hreyfingu, og rúmtak sem elur af sér dulkennt og hrífandi ástand. Þessar lífrænu víddir þurfa að vera málaðar stórt, helst á 150—250 m² flöt!

Sýning Vilhjálms Bergssonar er einstaklega vel samsett og nýtur sín ágætlega á Kjarvalsstöðum. Þetta eru verk sem þurfa örugglega margfalda skoðun og einlæga hlutttekningu áhorfandans. Í fyrstu virka þau oft óhlutlæg og keimlík en við nánari gætur vex fram persónuleiki sérhverrar myndar sem um leið er hluti af víðáttumiklum myndheimi: „Lífrænar víddir".

GBK

Myndlist

Gunnar B. Kvaran

standa fyrir „lífið", sem vex fram og ummyndast óháð allri tilbúinni skynsemi, meðan geometrísku samsetningarnar standa fyrir hið mælanlega, útkljáða og upplýsta: skynsemi mannsins. Í þessum myndum renna heimspeki og vísindi saman í eitt. Gamlar spurningar um víddir og óendanleika fá nýja umfjöllun þar sem hinn myndræni orðaforði vísar í nútíma vísindasýn sem nær lengra og dýpra en áður þekkist í sögunni.

Stórar myndir áhrifameiri

Eins og fyrr segir gefur listamaðurinn áhorfendum mörg fjölbreytileg sjónarhorn í myndum sínum sem eru flestar fremur litlar. Í þessum verkum skiptir stærðin óneitanlega miklu máli. Minnstu myndirnar virka þannig oft eins og litlir gluggar, þar sem áhorfandinn skoðar formin/táknin úr fjarlægð, nánast óháður myndrýminu. En aftur á móti í stóru verkunum eins og t.d. „Þrenna" nr. 52, þá er áhorfandinn fullkomlega, sjónrænt og líkamlega, hluti af rýminu, form meðal annarra forma. Í þessari stærð öðlast víddir

Vortónleikar

Tónlistarskóla Grindavíkur

verða haldnir í Tónlistarskólanum föstudaginn 29. apríl kl. 20.30.

SKÓLASTJÓRI.

Hrafnista

er árangur sameiginlegs átaks





Vistheimilið að Hrafnistu í Hafnarfirði tók til starfa fyrir 5 árum. Nýlega var svo tekið í notkun hjúkrunarheimili, þar sem auk íbúða verður rekin fjölbreytt starfsemi.

Á 1. hæð verða læknastofur, fullkomin endurhæfingaraðstaða, hárgreiðslu- og snyrtiþjónusta, bænaherbergi, skrifstofur og sundlaug.

Byggingu hússins er þó ekki að fullu lokið, því frágangi 1. hæðar og þeirrar 5. er ólokið og sömu sögu er að segja um lóðina umhverfis..

Næsta verkefni að Hrafnistu verður bygging þjónustuíbúða fyrir aldraða og öryrkja. Um er að ræða 20-30 smáhús á einni hæð og verður hvert hús með 3 íbúðum af mismunandi stærð. Hús þessi verða byggð í samstarfi við mannúðar-, launþega-, eða sveitarfélög, íbúana sjálfa og aðstandendur þeirra, eða af samtökum okkar sem hafa munu veg og vanda af öllum byggingarframkvæmdum.

VIÐSJÁ 34.06

Veitum öldruðum verðskuldaðan stuðning. Verum með í HAPPDRÆTTI DAS.

das HAPPDRÆTTI '83-'84

FINNSKT HUGVIT



STRÖMBERGs r[illegible] af harðbýlli náttúru N[illegible]. Af hörkustæðum svo sem [illegible] vetrum, raka og ísingu.

STRÖMBERGs r[illegible] og annar rafbúnaður vinnur [illegible] í kuldla Síberíu sem ofsab[illegible]ara.

Stærsti hluti fram[illegible] STRÖMBERGs í yfir 60 löndum [illegible] verð heildarafgreiðslur:
Aðveitustöðvar; [illegible]afbúnaður virkjana; Rafvæðing verksmiðja, skipa og olíuborpalla.

STRÖMBERG er einnig heimsþekkt fyrir nákvæmar rannsóknir og framþróun, sem hefir sparað viðskiptavinum kostnað og orku.

ATHYGLISVERT.
VERT AÐ VEITA ATHYGLI.

Strömberg
Sérfræðingurinn á öllum sviðum.

ÍSKRAFT
RAFTÆKJAHEILDVERSLUN
TÆKNIÞJÓNUSTA
SÓLHEIMAR 29-33 - 104 REYKJAVÍK
SÍMI 91-36520 og 91-35360